

**LÍFEYRISSJÓÐUR
STARFSMANNA
SVEITARFÉLAGA
B-DEILD**

TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN 2015

2016-04-26

TBG ehf.

Tryggingastærðfræðistofa Bjarna Guðmundssonar ehf.
Grensásvegi 7 – 108 Reykjavík

2015-04-26

Eftirfarandi tryggingafræðileg athugun á stöðu B-deildar Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga í lok árs 2015 er unnin að beiðni stjórnar sjóðsins í samræmi við ákvæði 6. greinar samþykktta sjóðsins. Athugunin er gerð í samræmi við ákvæði l. 129/1997, ákvæði reglugerðar 391/1998 og leiðbeinandi reglur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga um framkvæmd tryggingafræðilegra athugana frá árinu 2002. Deildin tók til starfa á á árinu 2013, og var tryggingafræðileg athugun gerð við lok þess árs.

Í tryggingafræðilegri athugun felst samanburður á verðmæti eigna sjóðsins og iðgjalda við þær skuldbindingar til greiðslu lífeyris sem leiða af samþykktum sjóðsins. Lög um starfssemi lífeyrissjóða og samþykktir sjóðsins setja vikiörk fyrir þann mun sem heimill er milli eignaliða og skuldbindinga.

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga starfrækir auk B-deildar tvær samtryggingardeildir, A- og V-deild og veitir auk þess réttindi í séreign. Er hér eingöngu fjallað um skuldbindingar og eignir í samtryggingu í B-deild sjóðsins.

Mat á skuldbindingum byggir á upplýsingum um réttindi sjóðfélaga úr réttindabókhalði sjóðsins sem sjóðurinn lét í té. Við mat eignaliða er einnig stuðst við upplýsingar fengnar úr ársreikningi og fjárhagsbókhalði sjóðsins.

Helstu reikniforsendur sem notaðar eru við athugunina eru :

- Raunávöxtun eigna sjóðsins verði 2% árlega
- Lífslíkur sjóðfélaga og réttihafa : samkvæmt íslenskri reynslu 2007-2011
- Örorkulíkur sjóðfélaga : 80-100% reynslu í íslenskum lífeyrissjóðum 1998-2002.

Í B-deild LSS eru sameinaðir fimm lífeyrissjóðir bæjarfélaga, Eftirlaunasjóður Hafnarfjarðarkaupstaðar (ESH), Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar (LSA), Lífeyrissjóður Neskaupsstaðar (LN), Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar (LSH) og Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar. (LSV). Allir sjóðirnir nutu bakábyrgðar sveitarfélags og eftir sameiningu bera bæjarfélögin hvert um sig bakábyrgð á réttindum þeirra sjóðfélaga sem réttindi áttu í sjóðunum við sameiningu og þeim réttindum sem þeir eiga eftir að afla fram til töku lífeyris. Réttindaöflun í hverjum upprunasjóði B-deildar er haldið aðgreindri í tölvukerfum sjóðsins og eru réttindi B-deildar aðgreind eftir uppruna nefnd réttindasöfn í samþykktum

Samkvæmt samþykktum B-deildar sjóðsins ber launagreiðendum að endurgreiða hluta af lífeyrisgreiðslum í viðkomandi réttindasafni B-deildar hafi þeir ekki gert upp þá skuldbindingu með sérstakri greiðslu.

Deildin er eins og aðrir lífeyrissjóðir sem njóta bakábyrgðar undanþeginn þeim mörkum sem almennt eru áskilin í l. 129/1997 um hámarks vikiörk milli eigna og skuldbindinga.

Staða deildarinnar að teknu tilliti til endurgreiðsluskyldu er að eignir að metöldum væntanlegum endurgreiðslum og iðgjöldum reiknast 23.183,2 milljónir og skuldbindingar 30.056,1 milljónir. Skuldbindingar reiknast því -6.872,9 milljónir umfram eignir sem er -22,9% af skuldbindingum. Heildarstaða sjóðsins í lok síðasta árs reiknaðist neikvæð um 22,1%.

Nánari grein er gerð fyrir forsendum, reikniaðferðum og niðurstöðum hér á eftir. Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum ber að skoða sem vænta niðurstöðu úr reiknilíkani þar sem byggt er á forsendum sem eru háðar óvissu. Mismunur milli niðurstöðu reiknilíkansins og raunveruleika geta komið fram bæði vegna tilviljanasveiflna, einkum þegar sá hópur sem reiknað er fyrir er lítill, og einnig vegna þeirrar miklu óvissu sem er um forsendur sem notaðar eru. Forsendur reiknilíkansins lúta að vöxtum, dánarlíkum og fleiri óvissuþáttum áratugi fram í tímann og því nánast óhjákvæmilegt að frávik komi fram frá þeim forsendum sem reiknað er eftir.

Virðingarfyllst,



Bjarni Guðmundsson, tryggingastærðfræðingur

LÍFEYRISSJÓÐUR STARFSMANNA SVEITARFÉLAGA B-DEILD

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga LSS var stofnaður 28. júlí 1998 með samningi á milli BHM og BSRB fyrir hönd hlutaðeigandi stéttarfélaga annars vegar og hins vegar Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd fjölmargra sveitarfélaga. LSS fékk starfsleyfi í desember 1998.

Hinn 1. Júlí 2013 sameinuðustu fimm lífeyrissjóðir sveitarfélaga í B-deild LSS, Eftirlaunasjóður Hafnarfjarðarkaupstaðar (ESH), Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar (LSA), Lífeyrissjóður Neskaupsstaðar (LN), Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar (LSH) og Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar. (LSV).

RÉTTINDAÁKVÆÐI

Réttindi sjóðfélaga til lífeyris og skylda þeirra til greiðslu iðgjalda til sjóðsins fara eftir ákvæðum samþykktar sjóðsins sem fengu staðfestingu fjármálaráðuneytis í ágúst 2013.

Réttindaákvæði hvers af upprunasjóðum B-deildar eru tekin upp í viðauka samþykktar B-deildar og eiga við um réttindi sjóðfélaga sem réttinda höfðu aflað í hverjum sjóð og gilda áfram um þau réttindi sem sjóðfélagar eiga eftir að afla fram að töku lífeyris. Ákvæði um réttindaöflun sjóðfélaga og áunnin réttindi breyttust því ekki við sameininguna og sama á við um bakábyrgð hvers sveitarfélags og ábyrgð launagreiðenda.

Almennt eru réttindi miðuð við lokalaun sjóðfélaga í starfi eða eftirmanns á tilteknu ári og almennur lífeyristökualdur 65 ár. Makalífeyrir er ævilangur og réttur til örorkulífeyris almennt án framreiknings.

GÖGN

Úr tölvukerfum sjóðsins fengust upplýsingar um iðgjaldagreiðslur, og öflun lífeyrisréttinda hvers sjóðfélaga aðgreint eftir réttindasöfnum. Upplýsingar eru aðgreindar eftir kennitölu launagreiðanda, með upplýsingum um réttindahlutfall sjóðfélagans á hverju ári, ásamt greiddu iðgjaldi. Upplýsingar eru aðgreindar eftir því hvort um er að ræða dagvinnu eða vaktavinnu.

Fyrir sjóðfélaga sem ekki voru byrjaðir að taka lífeyri lágu í flestum tilvikum fyrir upplýsingar um viðmiðunarlaun lífeyris, og viðmiðunarvísitölu þar sem það á við, en í flestum réttindasöfnum breytist lífeyrisréttur þeirra sem eiga geymdan rétt eftir vísitölu meðallauna opinberra starfsmanna.

Einnig fengust upplýsingar um hvern lífeyrisþega og greiðslur til þeirra í desember 2015. Lífeyrisgreiðslum er einnig skipt eftir stofnunum og tegund lífeyris, og greint á milli réttinda vegna dagvinnu og vaktavinnu.

Fyrir alla sjóðfélaga fengust upplýsingar um fæðingarár og mánuð og kyn.

Gagna þessara var aflað hjá Init hf. sem hefur umsjón með réttindabókhaldi sjóðsins.

Með því að fella úr skrá um áunnin réttindi látna og þá sjóðfélaga sem farnir eru að taka lífeyri fást áunnin réttindi annarra en lífeyrisþega.

Við áætlun um framtíðariðgjöld vegna iðgjaldatímabíla 2015 og síðar sem núverandi sjóðfélagar eiga eftir að greiða til sjóðsins er miðað við að allir þeir sem öðluðust réttindi á árinu 2015 muni halda áfram að ávinna sér sömu réttindi til framtíðar. Er þessi hópur sjóðfélaga kallaðir virkir sjóðfélagar en aðrir þeir sem eiga réttindi í sjóðnum og ekki eru lífeyrisþegar kallaðir óvirkir sjóðfélagar.

Einnig er stuðst við drög að ársreikningi deildarinnar fyrir árið 2015.

Varðandi rekstrarkostnað er miðað við rekstrarkostnað deildarinnar síðastliðið hálf tveggja ár þar sem ekki verður séð að rekstrarkostnaður upprunasjóða hafi mikið forspárgildi um kostnað sjóðsins til framtíðar. Úr ársreikningi sjóðsins fengust auk þess upplýsingar um eignastöðu sjóðsins og úr verðbréfakerfi eru fengnar upplýsingar um greiðslukjör skuldabréfa og gengi eigna með breytilegar tekjur á markaðsverði.

Iðgjaldagreiðslur í réttindakerfi vegna ársins 2015 hafa verið bornar saman við iðgjaldagreiðslur samkvæmt ársreikningi og lífeyrisgreiðslur desember 2015 bornar saman við lífeyrisgreiðslu ársins samkvæmt ársreikningi. Þá hafa upplýsingar um réttindi sjóðfélaga verið borin saman við samsvarandi upplýsingar frá athugun fyrra árs.

Hafa þessar athuganir ekki bent til annars en að byggja megi mat skuldbindinga sjóðsins á þeim gögnum sem fyrir liggja úr réttindakerfi, en gögn hafa ekki verið sannreynd með samanburði við frumgögn eða öðrum hætti en þeim sem hér er lýst.

REIKNIFORSENDUR OG -AÐFERÐIR

Reikniforsendur fyrir tryggingafræðilegar athuganir íslenskra lífeyrissjóða eru tilgreindar í lögum 129/1997 og reglugerð 391/1998 sem fjármálaráðherra setur með heimild í fyrrgreindum lögum. Tryggingafræðingur er heimilt að víkja frá þessum staðalforsendum ef talið er að sérstakar aðstæður í viðkomandi sjóð verði þess valdandi að aðrar forsendur eigi betur við. Engu að síður skal reiknað eftir staðalforsendum og sú niðurstaða birt til samanburðar. Með reglugerð 391/1998 er Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga falið að útbúa töflur um lífs- og örorkulíkur til nota við gerð tryggingastærðfræðilegra athugana og jafnframt töflur um hjúskapar- og barneignalíkur.

Við tryggingafræðilega athugun B-deildar LSS 2015 eru notaðar dánar- og eftirlífendatöflur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga, byggðar á íslensku reynslu árána 2007-2011. Giftingarlíkur og meðalaldur maka eru samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá. Þá er um fjölda barna byggt á íslenskum barneignalíkum. Varðandi örorku er notaðar íslenskar örorkulíkur byggðar á reynslu íslenskra lífeyrissjóða árin 1998-2002. Fyrir hvert réttindasafn er reiknað með sömu örorkulíkum og við síðustu tryggingafræðilega athugun viðkomandi lífeyrissjóðs, sem þýðir 80% - 100% af meðaltals örorkutíðni íslenskra lífeyrissjóða.

Lífeyrisréttindi eru almennt tryggð miðað við vísitölu meðallauna opinberra starfsmanna og er gert ráð fyrir að vextir verði 2,0% umfram hækkun lífeyrisréttinda.

Árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður sem kostnaður deildarinnar rekstrarárin 2014 og 2015, uppfært til verðlags í lok árs 2015 (gildi vísitölu neysluverðs til verðtryggingar í janúar 2016) og ætlað fyrir sama kostnaði í 50 ár núvirt með sömu vöxtum og lífeyrisskuldbindingar. Rekstrarkostnaði er skipt milli áfallinna og framtíðarskuldbindinga í hlutfalli við mat skuldbindinga og iðgjalda.

Til lækkunar á eign er færður áætlaður skrifstofu- og stjórnunarkostnaður vegna fjárfestinga til framtíðar og er sú áætlun gerð með sama hætti og áætlun varðandi rekstrarkostnað.

Ofangreindar forsendur og aðferðir við mat skuldbindinga eru í samræmi við ákvæði reglugerðar 391/1998 um reikniforsendur við tryggingafræðilegar athuganir og þær reikniforsendur sem Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga var með sömu reglugerð falið að gefa út til nota við tryggingafræðilegar athuganir. Fyrir sum réttindasöfn er þó nýtt heimild til lækkunar á örorkutíðni sjóðsins, og er eins og áður sagði notast við 80% af almennri örorkutíðni.

Skuldbindingar eru metnar á tvo vegu. Annars vegar eru metnar áfallnar skuldbindingar, þ.e. þær skuldbindingar sem sjóðurinn hefur þegar tekið á sig vegna áunninna réttinda sjóðfélaga, og hins vegar framtíðarskuldbindingar sjóðsins, sem eru þær skuldbindingar sem falla munu á sjóðinn við það vegna þeirra iðgjalda sem ætlað er að berist sjóðnum frá þeim sjóðfélögum sem taldir eru virkir sbr. umfjöllun í kaflanum um gögn hér að framan. Samtala áfallinna- og framtíðarskuldbindinga nefnist heildarskuldbinding lífeyrissjóðsins. Við mat skuldbindinga er fyrir lífeyrisþega miðað við úrskurðaðan lífeyri í desember 2015, færðan til kauplags í janúar 2016.

Fyrir aðra sjóðfélaga en lífeyrisþega er reiknað hverjar verða muni lífeyrisgreiðslur til þeirra samkvæmt ákvæðum samþykktar sjóðsins miðað við réttindi í janúar 2016 og greidd iðgjöld 2015.

Þegar verðmæti framtíðariðgjalda og skuldbindingar vegna þeirra eru reiknuð er miðað við óbreyttar iðgjaldagreiðslur núverandi sjóðfélaga til starfsloka frá því sem var á árinu 2015.

Lífeyrisaldur er settur í samræmi við ákvæði samþykktar um almennan ellilífeyrisaldur fyrir sjóðfélaga sem hafa látið af störfum. Fyrir sjóðfélaga í starfi er í hverju réttindasafni miðað við sama aldur og miðað var við í síðustu tryggingafræðilegri athugun fyrir þann lífeyrissjóð sem myndaði viðkomandi réttindasafn.

Eignir sjóðsins sem bera fastar tekjur eru að hluta núvirtar miðað við 3,5% umfram hækkun vísitölu neysluverðs til verðtryggingar. Óverðtryggðar eignir eru núvirtar miðað við 3,5% ávöxtun umfram verðbólguþátt Seðlabanka Íslands, sem er nú 2,5%. Útreikningar á núvirði eigna með fastar tekjur eru framkvæmdir af starfsmönnum sjóðsins og fjárvörsluaðilum. Þá eru eignir með breytilegar tekjur, skráðar á skipulegum markaði, metnar á því sem lægra er, markaðsverði í árslok eða meðaltali markaðsverðs síðustu þriggja mánaða ársins.

Þau frávík sem með þessu koma fram frá bókfærðu verði eignanna í ársreikningi eru skráð sem endurmat eigna.

SKIPTING EIGNA B-DEILDAR

Þótt deildin sé rekin sem ein heild með óskiptu eignasafni er bakábyrgð sveitarfélaga og launagreiðanda vegna lífeyrisskuldbindinga óbreytt frá fyrra rekstrarformi þeirra sjóða sem sameinast hafa í deildinni. Því er nauðsynlegt að skipta eignum deildarinnar niður á réttindasöfn upprunasjóðanna. Er mælt fyrir um þá skiptingu í 50.gr. samþykktu LSS. Gert er ráð fyrir að haldið sé utan um sérstaklega iðgjaldagreiðslur, lífeyrisgreiðslur og endurgreiðslur lífeyris til hvers réttindasafns. Eignir deildarinnar í lok árs 2015 skiptast milli réttindasafna sem hér segir eftir ákvæðum 50.gr :

Réttindasafn:

Eftirlaunasjóður starfsmanna		
Hafnarfjarðarkaupstaðar	L050	2.307,7
Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar	L140	963,9
Lífeyrissjóður Neskaupstaðar	L510	483,1
Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar	L600	658,5
Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar	L700	311,7
		4.724,9

NIÐURSTÖÐUR

Eftirfarandi tafla sýnir skiptingu lífeyrisskuldbindinga B-deildar eftir tegundum lífeyris, og hvort um er að ræða áunnin réttindi eða áætlaða réttindaöflun vegna framtíðariðgjalda.

Tafla I. Tryggingafræðileg staða B-deildar LSS 2015 – fjárhæðir í milljónum			
Eignir	Áunnið	Framtíð	Heildar
Eignir:	4.724,9		4.724,9
Endurmat::	51,9		51,9
Fjárfestingagjöld:	-525,5		-525,5
Endurgreiðsla:		18.196,2	18.196,2
Iðgjöld:		735,7	735,7
Samtals:	4.251,3	18.931,9	23.183,2
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir:	22.161,5	1.304,6	23.466,1
Örorkulífeyrir:	716,7	40,1	756,8
Makalífeyrir:	4.562,6	477,8	5.040,4
Barnalífeyrir:	3,3	1,4	4,7
Kostnaður:	720,9	67,2	788,1
Samtals:	28.165,0	1.891,1	30.056,1
Mismunur:	-23.913,7	17.040,8	-6.872,9
Hlutf. Af skuldb.	-84,9%	901,1%	-22,9%

Áfallin staða versnar lítillega á árinu.

FYLGISKJÖL

1. Tryggingafræðileg staða 2015
2. Tryggingafræðileg staða 2015 án endurgreiðslu launagreiðanda
3. Tryggingafræðileg athugun réttindasafna B-deildar LSS
 - 3.1 – Réttindasafn Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar
 - 3.2 – Réttindasafn Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar
 - 3.3 – Réttindasafn Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar
 - 3.4 – Réttindasafn Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar
 - 3.5 – Réttindasafn Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyjakaupstaðar

RÉTTINDASAFN EFTIRLAUNASJÓÐS STARFSMANNA HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐAR

TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN 2015

Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar (ESH) sameinaðist 1.júlí 2013 fjórum öðrum lífeyrissjóðum með ábyrgð sveitarfélaga, Lífeyrissjóði Akraneskaupstaðar, Lífeyrissjóði Neskaupstaðar, Lífeyrissjóði starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar og Lífeyrissjóði starfsmanna Vestmannaeyjakaupstaðar. Réttindi sjóðfélaga ESH eru varðveitt aðgreind í sérstöku réttindasafni B-deildar LSS.

RÉTTINDAÁKVÆÐI

Fyrir sjóðfélaga sem eiga aðild að réttindasafninu eru ákvæði um rétt til lífeyris og skyldu til greiðslu iðgjalda til sjóðsins efnislega samhljóða ákvæðum samþykktá sem staðfestar voru af fjármálaráðuneyti 24.5.2012 fyrir Eftirlaunasjóð starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar. Sjóðnum var lokað fyrir inngöngu nýrra sjóðfélaga frá og með 1. janúar 1998 og á það við um aðild að réttindasafninu.

Sjóðfélagar sem greiddu iðgjald til ESH í lok árs 1997 eða áunnu sér þá réttindi án iðgjaldagreiðslu eiga rétt til aðildar að B-deild LSS meðan þeir gegna áfram störfum hjá bænum. Sama á við um aðra hópa sem aðild áttu að sjóðnum í lok 1997, svo sem kennara og skólustjórnendur, aðra starfsmenn grunnskóla og starfsmenn launagreiðenda sem fyrir árslok 1997 höfðu heimild til að greiða til sjóðsins fyrir starfsmenn sína. Einnig eru varðveitt í deildinni öll eldri réttindi.

Iðgjöld til sjóðsins eru 12% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót, og greiðir sjóðfélagi 4% og vinnuveitandi 8%. Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 32 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður, en launagreiðandi greiðir eftir það hluta sjóðfélaga.

Lífeyrisréttindi eru ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri, örorkulífeyrir ef sjóðfélagi verður fyrir orkutapi sem trúnaðarlæknir sjóðsins metur 10% eða meira, ævilangur makalífeyrir til maka sem sjóðfélagi lætur eftir sig við andlát, og barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga eða töku elli- eða örorkulífeyris.

Lífeyrisréttur reiknast sem hundraðshluti af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót sem við starfslok fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf sem sjóðfélagi gegndi síðast. Hefji sjóðfélagi ekki töku lífeyris í beinu framhaldi af starfslokum og eigi hann réttindi fyrir lengra starf en 36 mánuði skal þó miða við laun sem fylgdu starfi hans í lok 1997 og eftir þann tíma fylgja meðalbreytingum á föstum launum opinberra starfsmanna, sbr. hér að neðan.

Almenn regla er að eftir að taka lífeyris hefst skuli lífeyrir breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sem Hagstofa Íslands reiknar mánaðarlega. Er þó þeim sjóðfélögum sem voru á lífeyri hinn 01.01.1998 og þeim sem síðar hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi heimilað að velja að lífeyrisgreiðslur taki sömu breytingum og laun þau sem á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast. (eftirmannsregla)

Fyrir hvert ár í fullu starfi ávinnast fyrstu 32 starfsár elli- og örorkulífeyrisréttur sem er 2% af viðmiðunarlaunum samkvæmt ofansögðu. Síðan ávinnst 1% á ári þar til að rétti til töku ellilífeyris er náð. Makalífeyrisréttur er 50% af ellilífeyrisrétti, að viðbættum 20% af viðmiðunarlaunum ellilífeyris hafi sjóðfélagi ekki látið af starfi í lifanda lífi af öðrum orsökum en elli eða örorku.

Sé sjóðfélagi orðinn 60 ára getur hann látið af störfum ef samanlagður aldur hans og starfsaldur eru 95 ár án skerðingar réttinda. Sjóðfélagi skal þó greiða iðgjöld til þess að 95 ára markinu er náð en réttindi skulu þó að hámarki vera 64% við 95 ára markið.

Sérstök ákvæði gilda að auki um lífeyrisréttindi fyrir vaktavinnu, og greiða sjóðfélagar 4% iðgjald af launum fyrir vaktavinnu og launagreiðandi 8%. Reiknað er hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslum miðað við sérstök viðmiðunarlaun sem sjóðstjórn skal samkvæmt samþykktum ákveða, og ávinnst fyrir hverja 12 mánaða iðgjaldagreiðslu réttur til 2% elli- og örorkulífeyris og 1% makalífeyris af viðmiðunarlaununum. Hjá ESH var þetta útfært þannig að réttindaöflun er miðuð við laun sem hver sjóðfélagi greiðir af og réttindi þessi fylgja sömu viðmiðun og réttindi fyrir dagvinnu og er gert ráð fyrir að svo verði áfram eftir sameiningu.

Hafnarfjarðarbær ábyrgist greiðslu á lífeyri úr réttindasafninu, en auk iðgjaldagreiðslna skulu laungreiðendur endurgreiða allar tiltekið hlutfall lífeyris og er þetta hlutfall nú 66%.

Ofangreint ágríp af ákvæðum samþykktu er ekki tæmandi og er um fyllri upplýsingar vísað til viðauka 1, 1. gr. um aðild að sjóðnum, 2. - 10. greinar varðandi skilyrði fyrir rétti til töku lífeyris, réttindaákvæði og réttindaöflun, til 1. greinar um iðgjaldagreiðslur og loks 47. – 49. greinar samþykktu LSS um ábyrgð á réttindasafninu og endurgreiðslu lífeyris.

GÖGN

Um almenna aðferðafræði er er vísað til yfirlits í skýrslu um athugun B-deildar.

Á árinu 2011 var tekið upp nýtt tölvukerfi fyrir skráningu lífeyrisréttar sjóðfélaga í ESH og er það sama tölvukerfi og LSS notar. Upplýsingar eru um margt áreiðanlegri en var fyrir upptöku kerfisins. Þannig eiga upplýsingar um lífeyrisþega uppruna í sama kerfi og önnur réttindi og hægt er bera saman auðkenni lífeyrisþegans við áunnin réttindi, og fyrir makalífeyrisþega er upplýst um kennitölu sjóðfélagans sem réttur hefur stofnast eftir.

Viðmiðun lífeyrisréttinda í réttindasafni ESH er almennt við föst laun fyrir fullt starf sem sjóðfélagi gegndi síðast. Fyrir þá sem voru í starfi 2015 voru laun reiknuð út frá iðgjaldsframlagi sjóðfélagans yfir árið, að teknu tilliti til þess réttindahlutfalls sem sjóðfélaginn ávann sér. Laun voru svo færð til kauplags í desember með breytingu vísitölu meðallauna opinberra starfsmanna frá meðalgildi vísitölunnar 2015 til desembergildis.

Fyrir þá sem hættir eru störfum ber að miða við síðustu laun, eða ef sjóðfélagi á að baki meira en 36 mánaða starf, síðustu laun og síðan hækkun með meðalbreytingu launa opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu til þess dags er sjóðfélagi hefur töku lífeyris. Hafi sjóðfélagi sem á að baki 36 mánaða starf eða meira látið af störfum fyrir árslok 1997 ber

að miða við laun eftirmanns í lok árs 1997, og síðan hækkun með fyrrgreindri launavísitölu.

Á árinu 2001 var aflað nýrra upplýsinga um viðmiðunarlaun í lok árs 1997 fyrir þá sjóðfélaga sem hætt höfðu störfum fyrir þann tíma. (eftir þann tíma breytist viðmiðun eins og vísitala meðallauna opinberra starfsmanna). Á árinu 2012 var svo safnað nýjum upplýsingum hjá sjóðnum og Hafnarfjarðarbæ um viðmiðunarlaun sjóðfélaga sem látið hafa af störfum. Eiga nú að liggja fyrir upplýsingar um viðmiðunarlaun flestra þeirra sjóðfélaga sem eiga launatengdan rétt í réttindasafninu og hafa látið af störfum.

REIKNIFORSENDUR

Við tryggingafræðilega athugun réttindasafns Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar 2015 eru notaðar dánar- og eftirlifendatöflur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga, byggðar á íslenskri reynslu árána 2007-2011. Giftingarlíkur og meðalaldur maka eru samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá. Þá er um fjölda barna byggt á íslenskum barneignalíkum. Varðandi örorku er notaðar íslenskar örorkulíkur byggðar á reynslu íslenskra lífeyrissjóða árin 1998-2002, með 20% lækkun örorkutiðni. Þessar reikniforsendur eru óbreyttar frá síðustu athugun Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar. Um forsendur almennt sjá nánar í umfjöllun um B-deild.

Árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður út frá kostnaði B-deildar það starfsárið 2015, þar sem ekki er talið að kostnaður fyrir sameiningu sé marktækur varðandi rekstur deildarinnar til frambúðar og rekstur á stofnári sé ekki marktækur vegna ýmiss sérstaks kostnaðar við sameiningu. Kostnaði við rekstur B-deildar er skipt milli réttindasafna í hlutfalli við áfallnar skuldbindingar. Kostnaður er svo uppfærður til verðlags í lok árs 2015 og ætlað fyrir sama kostnaði til framtíðar, (fimmtíu ár) núvirt með 3,5% vöxtum. Rekstrarkostnaði sem kemur í hlut réttindasafnsins er skipt milli áfallinna og framtíðarskuldbindinga í hlutfalli við mat skuldbindinga og iðgjalda. Eign er lækkuð miðað við áætlaðan fjárfestingarkostnað til framtíðar og er sú áætlun gerð með sama hætti og áætlun varðandi rekstrarkostnað, en byggt á því sem fært er sem skrifstofu og stjórnunarkostnaður undir fjárfestingarkostnaði.

Ofangreindar forsendur og aðferðir við mat skuldbindinga eru allar í samræmi við ákvæði reglugerðar 391/1998 um reikniforsendur við tryggingafræðilegar athuganir og þær reikniforsendur sem Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga hefur með sömu reglugerð verið falið að gefa út til nota sem staðalforsendur við tryggingafræðilegar athuganir að undanteknum forsendum um örorkulíkur. Heimilt er að víkja frá staðalforsendum ef talið er að aðrar forsendur gefi betri mynd. Örorkureynsla hjá ESH var jafnan góð og er því hér notuð lækkun frá staðalforsendum um örorkulíkur sem er fyrrgreind meðalreynsla íslenskra lífeyrissjóða. Áhrif á niðurstöðu af þeirri lækkun eru þó óveruleg þar sem örorkuskuldbindingar eru lágt hlutfall heildarskuldbindinga sjóðsins vegna hás meðalaldurs sjóðfélaga og þar sem ekki er réttur til framreiknaðs örorkulífeyris.

Varðandi mat skuldbindinga vegna réttinda sem fylgja launum skal samkvæmt reglugerð 391/1998 almennt miðað við 2% vaxtaforsendu. Þó er í reglugerðinni undanþáguákvæði sem heimilar að miða við 3% vexti: "Þegar um er að ræða lífeyrissjóð sem fellur undir 54. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lífeyrisréttindi miðast við kaupgjald skal þó heimilt að nota 3% vaxtaviðmiðun enda hafi sjóðfélögum verið gefinn kostur á aðild að nýju réttindakerfi fyrir 1. júlí 1998." Virðist þetta ákvæði geta átt við um réttindasöfn B-deildar en hér eru

þó skuldbindingar aðeins reiknaðar miðað við 2% ávöxtun umfram hækkun launa enda munu aðildarstofnanir hafa fært skuldbindingar með þeim hætti undanfarin ár.

AÐFERÐIR VIÐ MAT SKULDBINDINGA OG EIGNA

Um aðferðir almennt við mat skuldbindinga og endurmat eigna er vísað til umfjöllunar um B-deild sjóðsins.

Varðandi makalífeyrisrétt til 20% af viðmiðunarlaunum sjóðfélaga til viðbótar við áunninn rétt, þá er hann fyrir réttindasafn ESH ekki talinn með áföllnum skuldbindingum nema hjá lífeyrisþegum þar sem að um slíkan rétt er að ræða.

Lífeyrisaldur er reiknaður sem 68 ár fyrir virka sjóðfélaga, 65 ár fyrir þá sem eiga geymd réttindi. Ekki er talið raunhæft að gera ráð fyrir að sjóðfélagar sem eiga geymdan lífeyrisrétt fresti töku lífeyris til 68 ára aldurs enda hækkar lífeyrisréttur ekki við það. Skuldbinding vegna 95-ára reglu hefur ekki verið metin sérstaklega, en heimild til hennar hefur áhrif á meðalaldur sjóðfélaga er taka lífeyris hefst. Meðferð á skuldbindingu vegna makalífeyris og forsendur um eftirlaunaaldur eru óbreyttar frá síðustu tryggingafræðilegri athugun Eftirlaunasjóðs starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar.

NIÐURSTÖÐUR

Miðað við fyrrgreindar aðferðir og forsendur eru niðurstöður um stöðu réttindasafnsins sem hér segir ef notuð er 2% vaxtaforsenda (upphæðir í milljónum) Staða réttindasafnsins er að þessu sinni sýnd að teknu tilliti til ákvæða 49. gr. samþykktu LSS um endurgreiðslu aðildarstofnana á lífeyrisgreiðslum.

Tafla I			
Tryggingafræðileg staða réttindasafns Eftirlaunasjóðs starfsmanna			
Hafnarfjarðarkaupstaðar 2014 fjárhæðir í milljónum			
Eignir	Áunnið	Framtíð	Heildar
Eignir:	2.307,7		2.307,7
Endurmat	25,4		25,4
Fjárfestingargjöld	-239,8		-239,8
Endurgreiðsla		8.656,8	8.656,8
Iðgjöld		501,5	501,5
Samtals:	2.093,3	9.158,3	11.251,6
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir:	9.968,3	884,3	10.852,6
Örorkulífeyrir:	359,5	30,3	389,8
Makalífeyrir:	1.803,2	338,4	2.141,6
Barnalífeyrir:	2,7	1,2	3,9
Kostnaður:	303,8	44,0	347,8
Samtals:	12.437,5	1.298,2	13.735,7
Mismunur:	-10.344,2	7.860,1	-2.484,1
Hlutf. af skuldb.	-83,2%	605,5%	-18,1%

Eftir að taka lífeyris hefst ber aðildarstofnunum að endurgreiða sjóðnum tiltekið hlutfall af öllum lífeyri. Er það breyting frá því sem var fyrir árið 2012 en þá greiddu aðildarstofnanir allar hækkunir sem urðu á lífeyri frá úrskurði. Endurgreiðslur á hækkunum voru fyrir 2012 á milli 40 og 50% af lífeyrisgreiðslum, en endurgreiðsluhlutfall nú er 66%. Reynir ekki á bakábyrgð Hafnarfjarðarbæjar nema að þessar endurgreiðslur ásamt eignum sjóðsins nægi ekki til að standa við skuldbindingar sjóðsins.

Tveir launagreiðendur hafa undanfarin ár greitt hækkað iðgjald vegna endurgreiðsluskyldu, en sjóðnum er heimilt að gera upp áfallnar skuldbindingar launagreiðenda til endurgreiðslu sbr. greinar 47.-49 í samþykktum.

RÉTTINDASAFN LÍFEYRISSJÓÐS AKRANESKAUPSTAÐAR TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN 2015

Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar (LA) sameinaðist 1.júlí 2013 fjórum öðrum lífeyrissjóðum með ábyrgð sveitarfélaga, Eftirlaunasjóði starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar, Lífeyrissjóði Neskaupstaðar, Lífeyrissjóði starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar og Lífeyrissjóði starfsmanna Vestmannaeyjakaupstaðar. Réttindi sjóðfélaga LA eru varðveitt aðgreind í sérstöku réttindasafni B-deildar LSS.

RÉTTINDAÁKVÆÐI

Fyrir sjóðfélaga sem eiga aðild að réttindasafninu eru ákvæði um rétt til lífeyris og skyldu til greiðslu iðgjalda til sjóðsins efnislega samhljóða ákvæðum síðustu samþykktu sem staðfestar voru af 19.4.2011 fjármálaráðuneyti Lífeyrissjóð Akraneskaupstaðar. Sjóðnum var lokað fyrir inngöngu nýrra sjóðfélaga frá og með 1. Júlí 1998 og á það einnig við um aðild að réttindasafninu.

Rétt til greiðslu iðgjalda eftir 1.júlí 1998 hafa sjóðfélagar LA sem eru starfsmenn Akraneskaupstaðar, stofnana hans og sjálfseignastofnana sem hafa lögheimili í kaupstaðnum og starfa í almennings þarfir, eru ráðnir til minnst eins árs eða með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, enda sé aðalstarf þeirra í þjónustu kaupstaðarins eða stofnana hans og þeir taki laun skv. kjarasamningi St.AK og Akraneskaupstaðar.

Sama rétt hafa starfsmenn Akranesveitu sem við sameiningu hennar við Orkuveitu Reykjavíkur greiddu til sjóðsins. Þeir skulu ráðnir til minnst eins árs eða með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti, og sé aðalstarf þeirra í þjónustu Orkuveitunnar.

Ákvæði um heimild til aðildar gilda einnig um hlutastörf, þó ekki minna en 1/3 úr fullu starfi og gegni starfsmaður ekki öðru aðalstarfi í þágu bæjarins.

Iðgjöld til eru samkvæmt 12% af föstum launum og vaktavinnu og greiðir sjóðfélagi 4% og vinnuveitandi 8%. Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 32 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður, en launagreiðandi skal þá greiða 12% iðgjald af þeim launum sem áður eru talin. Ekki munu greidd iðgjöld af persónuuppbót.

Lífeyrisréttindi eru ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri, örorkulífeyrir ef sjóðfélagi verður fyrir orkutapi sem trúnaðarlæknir sjóðsins metur 10% eða meira, ævilangur makalífeyrir til maka sem sjóðfélagi lætur eftir sig við andlát, og barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga eða töku elli- eða örorkulífeyris.

Lífeyrisréttur reiknast sem hundraðshluti af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót sem við starfslok fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf sem sjóðfélagi gegndi síðast. Hefji sjóðfélagi ekki töku lífeyris í beinu framhaldi af starfslokum og eigi hann réttindi fyrir lengra starf en 36 mánuði skal þó miða við laun sem fylgdu starfi hans í september 2003 og eftir þann tíma fylgja meðalbreytingum á föstum launum opinberra starfsmanna, sbr. hér að neðan.

Almenn regla er að eftir að taka lífeyris hefst skuli lífeyrir breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sem Hagstofa Íslands reiknar mánaðarlega. Er þó þeim sjóðfélögum sem voru á lífeyri hinn 01.07.1998 og þeim sem síðar hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi heimilað að velja að lífeyrisgreiðslur taki sömu breytingum og laun þau sem á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast. (eftirmannsregla)

Fyrir hvert ár í fullu starfi ávinnast fyrstu 32 starfsár elli- og örorkulífeyrisréttur sem er 2% af viðmiðunarlaunum samkvæmt ofansögðu. Síðan ávinnst 1% á ári þar til að rétti til töku ellilífeyris er náð. Makalífeyrisréttur er 50% af ellilífeyrisrétti, að viðbættum 20% af viðmiðunarlaunum ellilífeyris hafi sjóðfélagi ekki látið af starfi í lifanda lífi af öðrum orsökum en elli eða örorku.

Sé sjóðfélagi orðinn 60 ára getur hann látið af störfum ef samanlagður aldur hans og starfsaldur eru 95 ár án skerðingar réttinda. Sjóðfélagi skal þó greiða iðgjöld til þess að 95 ára markinu er náð en réttindi skulu þó að hámarki vera 64% við 95 ára markið.

Sérstök ákvæði gilda að auki um lífeyrisréttindi fyrir vaktavinnu, og greiða sjóðfélagar 4% iðgjald af launum fyrir vaktavinnu og launagreiðandi 8%. Reiknað er hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslum miðað við sérstök viðmiðunarlaun sem sjóðstjórn skal samkvæmt samþykktum ákveða, og ávinnst fyrir hverja 12 mánaða iðgjaldagreiðslu réttur til 2% elli- og örorkulífeyris og 1% makalífeyris af viðmiðunarlaununum. Hjá LA hefur þetta verið útfært þannig að réttindaöflun er miðuð við laun sem hver sjóðfélagi greiðir af og réttindi þessi fylgja sömu viðmiðun og réttindi fyrir dagvinnu og er gert ráð fyrir að svo verði áfram eftir sameiningu.

Akranesbær ábyrgist skuldbindingar réttindasafnsins. Auk iðgjaldagreiðslna skulu laungreiðendur endurgreiða allar tiltekið hlutfall lífeyris og er þetta hlutfall nú 56%.

Ofangreint ágríp af ákvæðum samþykktu er ekki tæmandi og er um fyllri upplýsingar vísað til viðauka 1, 1. gr. um aðild að sjóðnum, 2. - 10. greinar varðandi skilyrði fyrir rétti til töku lífeyris, réttindaákvæði og réttindaöflun, til 1. greinar um iðgjaldagreiðslur og loks 47. – 49. greinar samþykktu LSS um ábyrgð á réttindasafninu og endurgreiðslu lífeyris.

GÖGN

Tölvukerfi LSS geymir fyrir hvern sjóðfélaga upplýsingar um réttindaöflun hvers árs, aðgreint eftir því hvort um er að ræða réttindi vegna dagvinnu eða vakta. Einnig er tilgreind kennitala launagreiðanda. Upplýsingar eru um margt áreiðanlegri en var fyrir upptöku kerfisins. Þannig eiga upplýsingar um lífeyrisþega uppruna í sama kerfi og önnur réttindi og hægt er bera saman auðkenni lífeyrisþegans við áunnin réttindi, og fyrir makalífeyrisþega er upplýst um kennitölu sjóðfélagans sem réttur hefur stofnast eftir.

Skráning launagreiðanda í réttindakerfi var ekki nógu nákvæm til að skipta mætti skuldbindingum eftir þeim upplýsingum sem nú eru þar skráðar, og var upplýsingum breytt eftir forskrift frá Akraneskaupstað. Er nauðsynlegt að farið verði yfir skráningu á launagreiðenda í réttindakerfinu að nýju svo að upplýsingar í réttindakerfi verði í samræmi aðrar upplýsingar, en sama ábending var sett fram í tveimur síðustu tryggingafræðilegu athugunum réttindasafnsins.

Viðmiðun lífeyrisréttinda í réttindasafni LA er almennt við föst laun fyrir fullt starf sem sjóðfélagi gegndi síðast, eða viðmiðun við laun í lok árs 2003. Fyrir þá sem voru í starfi 2015 voru laun reiknuð út frá iðgjaldsframlagi sjóðfélagsins yfir árið, að teknu tilliti til þess réttindahlutfalls sem sjóðfélaginn ávann sér. Laun voru svo færð til kauplags í desember með breytingu vísitölu meðallauna opinberra starfsmanna frá meðalgildi vísitölunnar 2015 til desembergildis.

Fyrir þá sem hættir eru störfum ber að miða við síðustu laun, eða ef sjóðfélagi á að baki meira en 36 mánaða starf, síðustu laun og síðan hækkun með meðalbreytingu launa opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu til þess dags er sjóðfélagi hefur töku lífeyris. Hafi sjóðfélagi sem á að baki 36 mánaða starf eða meira látið af störfum fyrir árslok 1997 ber að miða við laun eftirmanns í lok árs 1997, og síðan hækkun með fyrrgreindri launavísitölu.

Réttindakerfi sjóðsins á að geyma fyrir hvern þann sjóðféлага sem látið hefur af störfum viðmiðunarlaun og upplýsingar um hvort réttindi viðkomandi séu launtengd fram til töku lífeyris og þá hver viðmiðunarvístala sé.

REIKNIFORSENDUR

Við tryggingafræðilega athugun réttindasafns Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar 2015 eru notaðar dánar- og eftirlífendatöflur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga, byggðar á íslenskri reynslu árána 2007-2011. Giftingarlíkur og meðalaldur maka eru samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá. Þá er um fjölda barna byggt á íslenskum barneignalíkum. Varðandi örorku er notaðar íslenskar örorkulíkur byggðar á reynslu íslenskra lífeyrissjóða árin 1998-2002. Þessar reikniforsendur eru óbreyttar frá síðustu athugun Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar. Um forsendur almennt sjá nánar í umfjöllun um B-deild.

Árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður út frá kostnaði B-deildar það tvö heilu starfsár sem hún á að baki, þar sem ekki er talið að kostnaður fyrir sameiningu eða á sameiningar ári sé lýsandi varðandi rekstur deildarinnar til frambúðar. Kostnaði við rekstur B-deildar er skipt milli réttindasafna í hlutfalli við áfallnar skuldbindingar. Kostnaður er svo uppfærður til verðlags í lok árs 2015 og ætlað fyrir sama kostnaði til framtíðar, (fimmtíu ár) núvirt með 3,5% vöxtum. Rekstrarkostnaði sem kemur í hlut réttindasafnsins er skipt milli áfallinna og framtíðarskuldbindinga í hlutfalli við mat skuldbindinga og iðgjalda. Eign er lækkuð miðað við áætlaðan fjárfestingarkostnað til framtíðar og er sú áætlun gerð með sama hætti og áætlun varðandi rekstrarkostnað, en byggt á því sem fært er sem skrifstofu og stjórnunarkostnaður undir fjárfestingarkostnaði.

Ofangreindar forsendur og aðferðir við mat skuldbindinga eru allar í samræmi við ákvæði reglugerðar 391/1998 um reikniforsendur við tryggingafræðilegar athuganir og þær reikniforsendur sem Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga hefur með sömu reglugerð verið falið að gefa út til nota sem staðalforsendur við tryggingafræðilegar athuganir að undanteknum forsendum um örorkulíkur.

Varðandi mat skuldbindinga vegna réttinda sem fylgja launum skal samkvæmt reglugerð 391/1998 almennt miðað við 2% vaxtaforsendu. Þó er í reglugerðinni undanþáguákvæði sem heimilar að miða við 3% vexti : "Þegar um er að ræða lífeyrissjóð sem fellur undir 54. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lífeyrisréttindi miðast við kaupgjald skal þó heimilt að nota 3%

vaxtaviðmiðun enda hafi sjóðfélögum verið gefinn kostur á aðild að nýju réttindakerfi fyrir 1. júlí 1998." Virðist þetta ákvæði geta átt við um réttindasöfn B-deildar en hér eru þó skuldbindingar aðeins reiknaðar miðað við 2% ávöxtun umfram hækkun launa enda munu aðildarstofnanir hafa fært skuldbindingar með þeim hætti undanfarin ár.

AÐFERÐIR VIÐ MAT SKULDBINDINGA OG EIGNA

Um aðferðir almennt við mat skuldbindinga og endurmat eigna er vísað til umfjöllunar um B-deild sjóðsins.

Varðandi makalífeyrisrétt til 20% af viðmiðunarlaunum sjóðfélaga til viðbótar við áunninn rétt, þá er hann fyrir réttindasafn LA talinn með áföllnum skuldbindingum hjá lífeyrisþegum þar sem að um slíkan rétt er að ræða og einnig hjá öllum starfandi sjóðfélögum.

Lífeyrisaldur er reiknaður sem 68 ár fyrir virka sjóðfélaga, 65 ár fyrir þá sem eiga geymd réttindi. Ekki er talið raunhæft að gera ráð fyrir að sjóðfélagar sem eiga geymdan lífeyrisrétt fresti töku lífeyris til 68 ára aldurs enda hækkar lífeyrisréttur ekki við það. Skuldbinding vegna 95-ára reglu hefur ekki verið metin sérstaklega, en heimild til hennar hefur áhrif á meðalaldur sjóðfélaga er taka lífeyris hefst.

Meðferð á skuldbindingu vegna makalífeyris og forsendur um eftirlaunaaldur eru óbreyttar frá síðustu tryggingafræðilegri athugun Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar.

NIÐURSTÖÐUR

Miðað við fyrrgreindar aðferðir og forsendur eru niðurstöður um stöðu réttindasafnsins sem hér segir (upphæðir í milljónum) Staða réttindasafnsins er að þessu sinni sýnd að teknu tilliti til ákvæða 49. gr. samþykktu LSS um endurgreiðslu aðildarstofnana á lífeyrisgreiðslum.

Tafla I			
Tryggingafræðileg staða réttindasafns Lífeyrissjóðs Akraneskaupstaðar 2015 fjárhæðir í milljónum			
Eignir	Áunnið	Framtíð	Heildar
Eignir:	963,9		963,9
Endurmat	10,6		10,6
Fjárfestingargjöld	-118,2		-118,2
Endurgreiðsla		3.588,5	3.588,5
Iðgjöld		88,5	88,5
Samtals:	856,3	3.677,0	4.533,3
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir:	5.226,5	156,6	5.383,1
Örorkulífeyrir:	131,1	3,8	134,9
Makalífeyrir:	1.034,9	16,8	1.051,7
Barnalífeyrir:	0,0	0,0	0,0
Kostnaður:	178,1	7,4	185,5
Samtals:	6.570,6	184,6	6.755,2
Mismunur:	-5.714,3	3.492,4	-2.221,9
Hlutf. af skuldb.	-87,0%	1891,9%	-32,9%

Eftir að taka lífeyris hefst ber aðildarstofnunum að endurgreiða sjóðnum tiltekið hlutfall af öllum lífeyri. Er það breyting frá því sem var fyrir árið 2011 en þá greiddu aðildarstofnanir allar hækkunir sem urðu á lífeyri frá úrskurði. Endurgreiðslur á hækkunum voru fyrir 2011 á milli 40 og 50% af lífeyrisgreiðslum, en endurgreiðsluhlutfall nú er 56%. Reynir ekki á bakábyrgð Akraneskaupstaðar nema að þessar endurgreiðslur ásamt eignum sjóðsins nægi ekki til að standa við skuldbindingar sjóðsins.

RÉTTINDASAFN LÍFEYRISSJÓÐS NESKAUPSTAÐAR

TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN 2015

Lífeyrissjóður Neskaupstaðar (LN) sameinaðist 1.júlí 2013 fjórum öðrum lífeyrissjóðum með ábyrgð sveitarfélaga, Eftirlaunasjóði starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar, Lífeyrissjóði Akraneskaupstaðar, Lífeyrissjóði starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar og Lífeyrissjóði starfsmanna Vestmannaeyjakaupstaðar. Réttindi sjóðfélaga LN eru varðveitt aðgreind í sérstöku réttindasafni B-deildar LSS.

RÉTTINDAÁKVÆÐI

Fyrir sjóðfélaga sem eiga aðild að réttindasafninu eru ákvæði um rétt til lífeyris og skyldu til greiðslu iðgjalda til sjóðsins efnislega samhljóða ákvæðum samþykktá sem staðfestar voru af fjármálaráðuneyti 10.11.2011 fyrir Lífeyrissjóð Neskaupstaðar. Sjóðnum var lokað fyrir inngöngu nýrra sjóðfélaga eftir lok júní 1998 og á það við um aðild að réttindasafninu.

Þeir sem greiddu iðgjöld vegna starfa hjá Fjarðabyggð (Neskaupstað) eða stofnunum bæjarins, sjálfseignarstofnana eða hlutafélaga skrásettra í Neskaupstað sem bæjarfélagið á aðild að og iðgjaldsskyldir voru til sjóðsins í júní 1998 enda hafi iðgjald verið greitt til sjóðsins óslitið frá þeim tíma. Falli iðgjaldagreiðslur niður vegna launalauss leyfis eða veikindafjarvista hefur viðkomandi þó rétt til aðildar svo fremi hann hefji aftur starf samkvæmt framansögðu innan 12 mánaða frá því að iðgjaldagreiðslur féllu niður.

Einnig eiga rétt til aðildar sjóðfélagar sem í júní 1998 greiddu iðgjald til Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar vegna þessi að staða þeirra eða starf hafði verið lagt niður.

Loks geta er þeim sem í júní 1998 greiddu iðgjald til sjóðsins heimil áframhaldandi aðild ef starfsemi stofnunar flyst til ríkisins eða annars opinbers aðila enda ábyrgist launagreiðandi skuldbindingar vegna lífeyris.

Iðgjöld til sjóðsins eru samkvæmt 12% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót, og greiðir sjóðfélagi 4% og vinnuveitandi 8%. Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 30 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður, en launagreiðandi greiðir eftir það hluta sjóðfélaga. Sama á við ef iðgjaldagreiðslur sjóðfélaga falla niður eftir 95 ára reglu.

Lífeyrisréttindi eru ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri, örorkulífeyrir ef sjóðfélagi verður fyrir orkutapi sem trúnaðarlæknir sjóðsins metur 10% eða meira, ævilangur makalífeyrir til maka sem sjóðfélagi lætur eftir sig við andlát, og barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga eða töku elli- eða örorkulífeyris.

Lífeyrisréttur reiknast sem hundraðshluti af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót sem við starfslok fylgja stöðu þeirri fyrir fullt starf sem sjóðfélagi gegndi síðast. Hefji sjóðfélagi ekki töku lífeyris í beinu framhaldi af starfslokum og eigi hann réttindi fyrir lengra starf en 5 ár skal þó miða við laun sem fylgdu starfi hans

og eftir þann tíma skulu viðmiðunarlaun fylgja meðalbreytingum á föstum launum opinberra starfsmanna, sbr. hér að neðan. Hafi sjóðfélagi látið af störfum fyrir júlí 2000 skal þó miðað við þau laun er fylgdu starfi hans á þeim tíma.

Almenn regla er að eftir að taka lífeyris hefst skuli lífeyrir breytast til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, sem Hagstofa Íslands reiknar mánaðarlega. Er þó þeim sjóðfélögum sem voru á lífeyri í júlí 2000 og þeim sem síðar hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi heimilað að velja að lífeyrisgreiðslur taki sömu breytingum og laun þau sem á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast. (eftirmannsregla)

Hafi starfstími sjóðfélaga verið styttri en 5 ár skal miðað við þau laun er fylgdu starfi hans við starfslok, en eftir að taka lífeyris hefst breytist lífeyrir með sama hætti og lífeyrir annarra sjóðfélaga.

Fyrir hvert ár í fullu starfi ávinnast fyrstu 32 starfsár elli- og örorkulífeyrisréttur sem er 2% af viðmiðunarlaunum samkvæmt ofansögðu. Síðan ávinnst 1% á ári þar til að rétti til töku ellilífeyris er náð. Makalífeyrisréttur er 50% af ellilífeyrisrétti, að viðbættum 20% af viðmiðunarlaunum ellilífeyris hafi sjóðfélagi ekki látið af starfi í lifanda lífi af öðrum orsökum en elli eða örorku.

Sé sjóðfélagi orðinn 60 ára getur hann látið af störfum ef samanlagður aldur hans og starfsaldur eru 95 ár án skerðingar réttinda. Sjóðfélagi skal þó greiða iðgjöld til þess að 95 ára markinu er náð en réttindi skulu þó að hámarki vera 64% við 95 ára markið.

Sérstök ákvæði gilda að auki um lífeyrisréttindi fyrir vaktavinnu, og greiða sjóðfélagar 4% iðgjald af launum fyrir vaktavinnu og launagreiðandi 8%. Reiknað er hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslum miðað við viðmiðunarlaun sjóðfélaga til lífeyris. Bæjarsjóður Fjarðarbyggðar ábyrgist skuldbindingar réttindasafnsins en auk iðgjaldagreiðslna skulu laungreiðendur endurgreiða allar tiltekið hlutfall lífeyris og er þetta hlutfall nú 66%.

Ofangreint ágríp af ákvæðum samþykktá er ekki tæmandi og er um fyllri upplýsingar vísað til viðauka 1, 1. gr. um aðild að sjóðnum, 2. - 10. greinar varðandi skilyrði fyrir rétti til töku lífeyris, réttindaákvæði og réttindaöflun, til 1. greinar um iðgjaldagreiðslur og loks 47. – 49. greinar samþykktá LSS um ábyrgð á réttindasafninu og endurgreiðslu lífeyris.

GÖGN

Um almenna aðferðafræði er er vísað til yfirlits í skýrslu um athugun B-deildar.

Upplýsingar um lífeyrisréttindi eru nú skráð í réttindakerfi LSS, sem rekið er af INIT hf. Upplýsingar eru um margt áreiðanlegri en var fyrir upptöku kerfisins. Þannig eiga upplýsingar um lífeyrisþega uppruna í sama kerfi og önnur réttindi og hægt er bera saman auðkenni lífeyrisþegans við áunnin réttindi, og fyrir makalífeyrisþega er upplýst um kennitölu sjóðfélagens sem réttur hefur stofnast eftir.

Viðmiðun lífeyrisréttinda í réttindasafni LN er almennt við föst laun fyrir fullt starf sem sjóðfélagi gegndi síðast. Fyrir þá sem voru í starfi 2015 voru laun reiknuð út frá iðgjaldsframlagi sjóðfélagens yfir árið, að teknu tilliti til þess réttindahlutfalls sem

sjóðfélaginn ávann sér. Laun voru svo færð til kauplags í desember með breytingu vísitölu meðallauna opinberra starfsmanna frá meðalgildi vísitölunnar 2015 til desembergildis.

Fyrir þá sem hættir eru störfum ber að miða við síðustu laun, eða ef sjóðfélagi á að baki meira en 60 mánaða starf, síðustu laun og síðan hækkun með meðalbreytingu launa opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu til þess dags er sjóðfélagi hefur töku lífeyris. Hafi sjóðfélagi sem á að baki 60 mánaða starf eða meira látið af störfum fyrir júlí 2000 ber að miða við laun eftirmanns í júlí 2000, og síðan hækkun með fyrrgreindri launavísitölu.

REIKNIFORSENDUR

Við tryggingafræðilega athugun réttindasafns Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar 2015 eru notaðar dánar- og eftirlífendatöflur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga, byggðar á íslenskri reynslu árána 2007-2011. Giftingarlíkur og meðalaldur maka eru samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá. Þá er um fjölda barna byggt á íslenskum barneignalíkum. Þessar reikniforsendur eru óbreyttar frá síðustu athugun Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar.

Árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður út frá kostnaði B-deildar árið 2015 þau tvö heilu starfsár sem hún á að baki, þar sem ekki er talið að kostnaður fyrir sameiningu eða á sameiningarári sé marktækur varðandi rekstur deildarinnar til frambúðar. Kostnaði við rekstur B-deildar er skipt milli réttindasafna í hlutfalli við áfallnar skuldbindingar. Kostnaður er svo uppfærður til verðlags í lok árs 2015 og ætlað fyrir sama kostnaði til framtíðar, (fimmtíu ár) núvirt með 3,5% vöxtum. Rekstrarkostnaði sem kemur í hlut réttindasafnsins er skipt milli áfallinna og framtíðarskuldbindinga í hlutfalli við mat skuldbindinga og iðgjalda. Eign er lækkuð miðað við áætlaðan fjárfestingarkostnað til framtíðar og er sú áætlun gerð með sama hætti og áætlun varðandi rekstrarkostnað, en byggt á því sem fært er sem skrifstofu og stjórnunarkostnaður undir fjárfestingarkostnaði.

Ofangreindar forsendur og aðferðir við mat skuldbindinga eru allar í samræmi við ákvæði reglugerðar 391/1998 um reikniforsendur við tryggingafræðilegar athuganir og þær reikniforsendur sem Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga hefur með sömu reglugerð verið falið að gefa út til nota sem staðalforsendur við tryggingafræðilegar athuganir að undanteknum forsendum um örorkulíkur. Heimilt er að víkja frá staðalforsendum ef talið er að aðrar forsendur gefi betri mynd.

Varðandi mat skuldbindinga vegna réttinda sem fylgja launum skal samkvæmt reglugerð 391/1998 almennt miðað við 2% vaxtaforsendu. Þó er í reglugerðinni undanþáguákvæði sem heimilar að miða við 3% vexti: "Þegar um er að ræða lífeyrissjóð sem fellur undir 54. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lífeyrisréttindi miðast við kaupgjald skal þó heimilt að nota 3% vaxtaviðmiðun enda hafi sjóðfélögum verið gefinn kostur á aðild að nýju réttindakerfi fyrir 1. júlí 1998." Virðist þetta ákvæði geta átt við um réttindasöfn B-deildar en hér eru þó skuldbindingar aðeins reiknaðar miðað við 2% ávöxtun umfram hækkun launa enda munu aðildarstofnanir hafa fært skuldbindingar með þeim hætti undanfarin ár.

AÐFERÐIR VIÐ MAT SKULDBINDINGA OG EIGNA

Um aðferðir almennt við mat skuldbindinga og endurmat eigna er vísað til umfjöllunar um B-deild sjóðsins.

Varðandi makalífeyrisrétt til 20% af viðmiðunarlaunum sjóðfélaga til viðbótar við áunninn rétt, þá er hann fyrir réttindasafn LN talinn með áföllnum skuldbindingum hjá lífeyrisþegum þar sem að um slíkan rétt er að ræða og einnig hjá starfandi.

Lífeyrisaldur er reiknaður sem 65 ár fyrir virka sjóðfélaga, og 65 ár fyrir þá sem eiga geymd réttindi. Skuldbinding vegna 95 ára reglu hefur ekki verið metin sérstaklega, en heimild til hennar hefur áhrif á meðalaldur sjóðfélaga er taka lífeyris hefst.

Meðferð á skuldbindingu vegna makalífeyris og forsendur um eftirlaunaaldur eru óbreyttar frá síðustu tryggingafræðilegri athugun Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar.

NIÐURSTÖÐUR

Miðað við fyrrgreindar aðferðir og forsendur eru niðurstöður um stöðu réttindasafnsins sem hér segir ef notuð er 2% vaxtaforsenda (upphæðir í milljónum) Staða réttindasafnsins er að þessu sinni sýnd að teknu tilliti til ákvæða 49. gr. samþykktu LSS um endurgreiðslu aðildarstofnana á lífeyrisgreiðslum.

Tafla I			
Tryggingafræðileg staða réttindasafns Lífeyrissjóðs Neskaupstaðar 2015 fjárhæðir í milljónum			
Eignir	Áunnið	Framtíð	Heildar
Eignir:	483,1		483,1
Endurmat	5,3		5,3
Fjárfestingargjöld	-46,8		-46,8
Endurgreiðsla		1.062,4	1.062,4
Iðgjöld		26,2	26,2
Samtals:	441,6	1.088,6	1.530,2
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir:	1.399,3	46,8	1.446,1
Örorkulífeyrir:	26,9	0,8	27,7
Makalífeyrir:	535,3	5,0	540,3
Barnalífeyrir:	0,0	0,0	0,0
Kostnaður:	57,3	2,3	59,6
Samtals:	2.018,8	54,9	2.073,7
Mismunur:	-1.577,2	1.033,7	-543,5
Hlutf. af skuldb.	-78,1%	1882,9%	-26,2%

Eftir að taka lífeyris hefst ber aðildarstofnunum að endurgreiða sjóðnum tiltekið hlutfall af öllum lífeyri. Endurgreiðsluhlutfall nú er 66%. Reynir ekki á bakábyrgð Fjarðabyggðar nema að þessar endurgreiðslur ásamt eignum sjóðsins nægi ekki til að standa við skuldbindingar sjóðsins.

RÉTTINDASAFN LÍFEYRISSJÓÐS STARFSMANNA HÚSAVÍKURKAUPSTAÐAR

TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN 2015

Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar (LSH) sameinaðist 1.júlí 2013 fjórum öðrum lífeyrissjóðum með ábyrgð sveitarfélaga, Eftirlaunasjóði starfsmanna Hafnarfjarðarvíkurkaupstaðar, Lífeyrissjóði Akraneskaupstaðar, Lífeyrissjóði Neskaupstaðar og Lífeyrissjóði starfsmanna Vestmannaeyjakaupstaðar. Réttindi sjóðfélaga LSH eru varðveitt í tölvukerfum sjóðsins aðgreind í sérstöku réttindasafni B-deildar LSS.

RÉTTINDAÁKVÆÐI

Fyrir sjóðfélaga sem eiga aðild að réttindasafninu eru ákvæði um rétt til lífeyris og skyldu til greiðslu iðgjalda til sjóðsins efnislega samhljóða ákvæðum samþykktu sem staðfestar voru af fjármálaráðuneyti árið 2012 fyrir Lífeyrissjóð starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar. Sjóðnum var lokað fyrir inngöngu nýrra sjóðfélaga á árinu 1998 og á það við um aðild að réttindasafninu.

Sjóðfélagar eru þeir sem greiddu iðgjöld vegna starfa hjá Húsavíkurkaupstað eða stofnunum bæjarins, falla undir lög nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna og iðgjaldsskyldir voru til sjóðsins í júní 1998 enda hafi iðgjald verið greitt til sjóðsins óslitið frá þeim tíma, starfsmenn stéttarfélaga og bandalaga þeirra, sem falla undir lög nr. 94/1986, og starfsmenn Lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga, sem eru sjóðfélagar í Lífeyrissjóði starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar (LSH) er þeir hefja störf hjá ofangreindum aðilum hafa á sama hátt rétt á greiðslu iðgjalda til sjóðsins og þeir sem fyrr voru taldir, og enn fremur þeir sjóðfélagar, sem í júní 1998 greiddu iðgjöld vegna þess að staða eða starfi sjóðfélaga hafði verið lagður niður.

Þeim sjóðfélögum, sem í júní 1998 greiddu iðgjöld til sjóðsins er heimil áframhaldandi aðild að sjóðnum flytjist starfsemi stofnunar til ríkisins eða annars opinbers aðila enda ábyrgist launagreiðandi skuldbindingar vegna lífeyris til sjóðsins í samræmi við samþykktir þessar.

Iðgjöld til sjóðsins eru 12% af föstum launum, og greiðir sjóðfélagi 4% og vinnuveitandi 8%. Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 32 ár, falla iðgjaldagreiðslur hans niður. Greiðir launagreiðandi eftir það 12% iðgjald vegna launþegans.

Lífeyrisréttindi sem sjóðurinn veitir ef sjóðfélagi á að baki a.m.k. 12 mánaða starf, eru ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri, örorkulífeyrir ef sjóðfélagi verður fyrir orkutapi sem trúnaðarlæknir sjóðsins metur 10% eða meira, ævilangur makalífeyrir til maka sem sjóðfélagi létur eftir sig við andlát, og barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga eða töku elli- eða örorkulífeyris.

Lífeyrisréttindi sjóðfélaga sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi eru miðuð við laun sem þá fylgja starfi sjóðfélaga. Eftir að taka lífeyris hefst skulu breytingar á lífeyrisgreiðslum ákveðnar til samræmis við meðalbreytingar sem verða á föstum launum

opinberra starfsmanna fyrir dagvinnu, samkvæmt vísitölu sem Hagstofu Íslands reiknar út. Sjóðfélagar sem hefja töku lífeyris í beinu framhaldi af starfi og þeir sem fengu lífeyrisgreiðslur úr sjóðnum er nógildandi samþykktir tóku gildi geta þó valið að lífeyrisgreiðslur til þeirra breytist til samræmis við þær breytingar sem verða á launum er á hverjum tíma eru greidd fyrir það starf sem þeir gegndu síðast.

Hefji sjóðfélagi ekki töku lífeyris í beinu framhaldi af því að hann lætur af starfi er upphæð ellilífeyris ákveðin þannig að miða er við þau laun sem iðgjöld voru síðast greidd af til sjóðsins með breytingum í samræmi við breytingar á fyrrnefndri vísitölu þar til taka lífeyris hefst. Hafi sjóðfélagi látið af störfum fyrir 31. júlí 2000 skal þó miða við þau laun, sem því starfi fylgdu 31. júlí 2000, en eftir það samkvæmt framangreindri reglu.

Fyrir hvert ár í fullu starfi ávinnast 2% elli- og örorkulífeyrisréttur fyrstu 32 starfsár. Síðan ávinnst 1% á ári þar til að rétti til töku ellilífeyris er náð. Makalífeyrisréttur er 50% af ellilífeyrisrétti, að viðbættum 20% af viðmiðunarlaunum hefji sjóðfélagi töku elli- eða örorkulífeyris í beinu framhaldi af starfi eða hafi fallið frá meðan hann greiddi iðgjald til sjóðsins.

Sé sjóðfélagi orðinn 60 ára getur hann látið af störfum ef samanlagður aldur hans og starfsaldur eru 95 ár án skerðingar réttinda. Sjóðfélagi skal þó greiða iðgjöld til þess að 95 ára markinu er náð en réttindi skulu þó að hámarki vera 64% við 95 ára markið.

Sérstök ákvæði gilda að auki um lífeyrisréttindi fyrir vaktavinnu, og greiða sjóðfélagar 4% iðgjald af launum fyrir vaktavinnu og launagreiðandi 6%. Reiknað er hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslum miðað við sérstök viðmiðunarlaun sem sjóðstjórn ákveður, og ávinnst fyrir hverra 12 mánaða iðgjaldagreiðslu réttur til 2% elli- og örorkulífeyris og 1% makalífeyris af viðmiðunarlaununum.

Húsavíkurkaupstaður ábyrgist skuldbindingar sjóðsins, en auk iðgjaldagreiðslna skulu bæjarsjóður og viðkomandi stofnanir endurgreiða tiltekið hlutfall af útgjöldum til lífeyrisgreiðslna. Hlutfallið er ákveðið af bæjarstjórn að fenginni umsögn tryggingafræðings og sjóðsstjórnar. Hlutfallið var 67% árið 2014.

Ofangreind samantekt um ákvæði samþykkt er ekki tæmandi og er um fyllri upplýsingar vísað Viðauka 4. 1. greinar samþykkt um aðild að sjóðnum, 2. til 10. greinar varðandi skilyrði fyrir rétti til töku lífeyris, réttindaákvæði og réttindaöflun, til 1. greinar um iðgjaldagreiðslur og loks 47. til 49. greinar samþykkt LSS um ábyrgð á sjóðnum og endurgreiðslu lífeyris.

GÖGN

Um almenna aðferðafræði er vísað til yfirlits í skýrslu um athugun B-deildar. Upplýsingar um réttindaöflun sjóðfélaga sem aðild eiga að réttindasafninu er haldið aðgreindum frá öðrum sjóðfélögum LSS og sama á við um lífeyrisþega.

REIKNIFORSENDUR

Við tryggingafræðilega athugun réttindasafns Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar 2015 eru notaðar dánar- og eftirlifendatöflur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga, byggðar á íslenskri reynslu árána 2007-2011. Giftingarlíkur og meðalaldur maka eru samkvæmt upplýsingum úr Þjóðskrá. Þá er um fjölda barna byggt á íslenskum barneignalíkum. Varðandi örorku er notaðar íslenskar örorkulíkur byggðar á reynslu íslenskra lífeyrissjóða árin 1998-2002, með 20% lækkun örorkutíðni. Þessar reikniforsendur eru óbreyttar frá síðustu athugun Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar. Um forsendur almennt sjá nánar í umfjöllun um B-deild.

Árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður út frá kostnaði B-deildar það tvö heilu starfsár sem hún á að baki, þar sem ekki er talið að kostnaður fyrir sameiningu eða á sameiningarári sé marktækur varðandi rekstur deildarinnar til frambúðar. Kostnaði við rekstur B-deildar er skipt milli réttindasafna í hlutfalli við áfallnar skuldbindingar. Kostnaður er uppfærður til verðlags í lok árs 2015 og ætlað fyrir sama kostnaði til framtíðar, (fimmtíu ár) núvirt með 3,5% vöxtum. Rekstrarkostnaði sem kemur í hlut réttindasafnsins er skipt milli áfallinna og framtíðarskuldbindinga í hlutfalli við mat skuldbindinga og iðgjalda. Eign er lækkuð miðað við áætlaðan fjárfestingarkostnað til framtíðar og er sú áætlun gerð með sama hætti og áætlun varðandi rekstrarkostnað, en byggt á því sem fært er sem skrifstofu og stjórnunarkostnaður undir fjárfestingarkostnaði.

Reikniforsendur fyrir tryggingafræðilegar athuganir íslenskra lífeyrissjóða eru tilgreindar í lögum 129/1997 og reglugerð 391/1998 sem fjármálaráðherra setur með heimild í fyrrgreindum lögum. Tryggingafræðingi er heimilt að víkja frá þessum staðalforsendum ef talið er að sérstakar aðstæður í viðkomandi sjóð verði þess valdandi að aðrar forsendur eigi betur við. Engu að síður skal reiknað eftir staðalforsendum og sú niðurstaða birt til samanburðar. Með reglugerð 391/1998 er Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga falið að útbúa töflur um lífs- og örorkulíkur til nota við gerð tryggingastærðfræðilegra athugana og jafnframt töflur um hjúskapar- og barneignalíkur.

Við tryggingafræðilega athugun réttindasafns Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar 2015 eru notaðar dánar- og eftirlifendatöflur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga, byggðar á íslenskri reynslu árána 2007-2011. Giftingarlíkur og meðalaldur maka eru samkvæmt upplýsingum úr Þjóðskrá. Þá er um fjölda barna byggt á íslenskum barneignalíkum. Varðandi örorku er notaðar íslenskar örorkulíkur byggðar á reynslu íslenskra lífeyrissjóða árin 1998-2002, með 20% lækkun örorkutíðni.

Ofangreindar forsendur og aðferðir við mat skuldbindinga eru allar í samræmi við ákvæði reglugerðar 391/1998 um reikniforsendur við tryggingafræðilegar athuganir og þær reikniforsendur sem Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga hefur með sömu reglugerð verið falið að gefa út til nota sem staðalforsendur við tryggingafræðilegar athuganir að undanteknum forsendum um örorkulíkur. Heimilt er að víkja frá staðalforsendum ef talið er að aðrar forsendur gefi betri mynd. Örorkureynsla LSH hefur jafnan verið góð og er því hér notuð lækkun frá staðalforsendum um örorkulíkur sem er fyrrgreind meðalreynsla íslenskra lífeyrissjóða. Áhrif á niðurstöðu af þeirri lækkun eru þó óveruleg þar sem örorkuskuldbindingar eru lágt hlutfall heildarskuldbindinga sjóðsins vegna hás meðalaldurs sjóðfélaga og þar sem ekki er réttur til framreiknaðs örorkulífeyris.

Varðandi mat réttinda sem fylgja launum skal samkvæmt reglugerð 391/1998 almennt miðað við 2% vaxtaforsendu. Þó er í reglugerðinni undanþáguákvæði sem

heimilar að miða við 3% vexti : "Þegar um er að ræða lífeyrissjóð sem fellur undir 54. gr. laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og lífeyrisréttindi miðast við kaupgjald skal þó heimilt að nota 3% vaxtaviðmiðun enda hafi sjóðfélögum verið gefinn kostur á aðild að nýju réttindakerfi fyrir 1. júlí 1998." Virðist þetta ákvæði geta átt við um LSH en hér eru þó skuldbindingar aðeins reiknaðar miðað við 2% ávöxtun umfram hækkun launa enda munu aðildarstofnanir hafa fært skuldbindingar með þeim hætti undanfarin ár.

AÐFERÐIR VIÐ MAT SKULDBINDINGA OG EIGNA

Um aðferðir almennt við mat skuldbindinga og endurmat eigna er vísað til umfjöllunar um B-deild sjóðsins.

Makalífeyrisréttur sem er 20% af viðmiðunarlaunum sjóðfélaga til viðbótar við áunninn rétt, er hér ekki talinn með áföllnum skuldbindingum nema hjá lífeyrisþegum þar sem að um slíkan rétt er að ræða.

Lífeyrisaldur er reiknaður sem 67 ár fyrir virka sjóðfélaga, 65 ár fyrir þá sem eiga geymd réttindi. Ekki er talið raunhæft að gera ráð fyrir að sjóðfélagar sem eiga geymdan lífeyrisrétt fresti töku lífeyris til 67 ára aldurs enda hækkar lífeyrisréttur ekki við það. Skuldbinding vegna 95-ára reglu hefur ekki verið metin sérstaklega, en heimild til hennar hefur áhrif á meðalaldur sjóðfélaga er taka lífeyris hefst.

NIÐURSTÖÐUR

Staða sjóðsins er sýnd að teknu tilliti til ákvæða 47 - 49. gr. samþykktta sjóðsins um endurgreiðslu aðildarstofnana á hækkunum lífeyrisgreiðslna. Endurgreiðsluhlutfall var ákveðið 67% árið 2014. Miðað við fyrrgreindar aðferðir og forsendur eru niðurstöður sem hér segir ef notuð er 2% vaxtaforsenda (upphæðir í milljónum)

Tafla I			
Tryggingafræðileg staða réttindasafns Lífeyrissjóðs starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar 2015 fjárhæðir í milljónum			
Eignir	Áunnið	Framtíð	Heildar
Eignir:	658,5		658,5
Endurmat	7,2		7,2
Fjárfestingargjöld	-62,1		-62,1
Endurgreiðsla		1.958,9	1.958,9
Iðgjöld		38,9	38,9
Samtals:	603,6	1.997,8	2.601,4
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir:	2.258,1	66,6	2.324,7
Örorkulífeyrir:	68,1	1,9	70,0
Makalífeyrir:	486,6	42,5	529,1
Barnalífeyrir:	0,0	0,0	0,0
Kostnaður:	77,9	4,2	82,1
Samtals:	2.890,7	115,2	3.005,9
Mismunur:	-2.287,1	1.882,6	-404,5
Hlutf. af skuldb.	-79,1%	1634,2%	-13,5%

RÉTTINDASAFN LÍFEYRISSJÓÐS STARFSMANNA VESTMANNAEYJABÆJAR

TRYGGINGAFRÆÐILEG ATHUGUN 2015

Lífeyrissjóður starfsmanna Vestmannaeyjabæjar (LSV) sameinaðist 1.júlí 2013 fjórum öðrum lífeyrissjóðum með ábyrgð sveitarfélaga, Eftirlaunasjóði starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar, Lífeyrissjóði Akraneskaupstaðar, Lífeyrissjóði Neskaupstaðar og Lífeyrissjóði starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar. Réttindi sjóðfélaga LSV eru varðveitt í tölvukerfum sjóðsins aðgreind í sérstöku réttindasafni B-deildar LSS.

RÉTTINDAÁKVÆÐI

Fyrir sjóðfélaga sem eiga aðild að réttindasafninu eru ákvæði um rétt til lífeyris og skyldu til greiðslu iðgjalda til sjóðsins efnislega samhljóða ákvæðum samþykktu sem staðfestar voru af Bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar og stjórn lífeyrissjóðsins þann 12. janúar 2012. Sjóðnum var lokað fyrir inngöngu nýrra sjóðfélaga frá og með 1.janúar 1995 og á það við um aðild að réttindasafninu.

Iðgjöld til sjóðsins eru 12% af föstum launum fyrir dagvinnu, persónuuppbót og orlofsuppbót, og greiðir sjóðfélagi 4% og vinnuveitandi 8%. Þegar sjóðfélagi hefur greitt iðgjöld til sjóðsins í 32 ár falla iðgjaldagreiðslur hans niður svo og iðgjaldagreiðslur launagreiðanda.

Lífeyrisréttindi sem sjóðurinn veitir eru ævilangur ellilífeyrir frá 65 ára aldri, örorkulífeyrir ef sjóðfélagi verður fyrir orkutapi sem trúnaðarlæknir sjóðsins metur 10% eða meira, ævilangur makalífeyrir til maka sem sjóðfélagi lætur eftir sig við andlát, og barnalífeyrir vegna fráfalls sjóðfélaga eða töku elli- eða örorkulífeyris.

Lífeyrisréttur reiknast sem hundraðshluti launum sem á hverjum tíma fylgja starfi því sem sjóðfélagi gegndi síðast. (eftirmannsregla).

Fyrir hvert ár í fullu starfi ávinnast fyrstu 32 starfsár elli- og örorkulífeyrisréttur sem er 2% af viðmiðunarlaunum samkvæmt ofansögðu. Síðan ávinnst 1% á ári þar til að rétti til töku ellilífeyris er náð. Makalífeyrisréttur er 50% af ellilífeyrisrétti, að viðbættum 20% af viðmiðunarlaunum ellilífeyris hafi sjóðfélagi ekki látið af starfi í lífanda lífi af öðrum orsökum en elli eða örorku.

Sé sjóðfélagi orðinn 60 ára getur hann látið af störfum ef samanlagður aldur hans og starfsaldur eru 95 ár án skerðingar réttinda. Sjóðfélagi skal þó greiða iðgjöld fram til þess að 95 ára markinu er náð og réttindi skulu þó að hámarki vera 64% við 95 ára markið.

Sérstök ákvæði gilda að auki um lífeyrisréttindi fyrir vaktavinnu, og greiða sjóðfélagar 4% iðgjald af launum fyrir vaktavinnu og launagreiðandi 6%. Reiknað er hvað iðgjaldagreiðslur ársins samsvara margra mánaða iðgjaldagreiðslum miðað við sérstök viðmiðunarlaun sem sjóðstjórn skal samkvæmt samþykktum ákveða, og ávinnst fyrir hverja 12 mánaða iðgjaldagreiðslu af launum sem svara til viðmiðunarlaun réttur til 2%

elli- og örorkulífeyris og 1% makalífeyris af viðmiðunarlaununum og hlutfallslega ef greitt er af hærri eða lægri fjárhæð.

Vestmannaeyjabær ábyrgist skuldbindingar réttindasafnsins. Launagreiðendur skulu nú greiða ákveðið hlutfall af öllum lífeyri sem greiddur er til starfsmanna þeirra. Hlutfall þetta skal ákveðið af bæjarstjórn til eigi skemmri tíma en eins árs í senn, að fenginni umsögn tryggingafræðings og sjóðstjórnar. Endurgreiðsluhlutfallið er nú 67% af lífeyri.

Ofangreint ágríp af réttindaákvæðum er ekki tæmandi og er um fyllri upplýsingar vísað til samþykktu LSS, 47. – 49. Greinar um endurgreiðslu og til viðauka 5 um réttindaákvæði réttindasafnsins.

GÖGN

Almennt um gagnavinnslu vísast til umfjöllunar um tryggingafræðilega stöðu B-deildar.

Eins og rakið er að ofan er það almenn regla um viðmiðun lífeyrisréttinda í réttindasafninu að miða við laun fyrir fullt starf sem á hverjum tíma fylgir starfi því sem sjóðfélagi gegndi síðast. Fyrir þá sem fengu greidd laun í árið 2015 var aflað upplýsinga frá sjóðnum um viðmiðunarlaun. Í tengslum við sameiningu sjóðsins við B-deild LSS var hjá sjóðnum unninn listi á árinu 2013 um viðmiðunarlaun sjóðfélaga sem látið höfðu af störfum fyrir desember árið 2006. Eftir þann tíma breytast þau viðmiðunarlaun með meðalvísitölu dagvinnulauna opinberra starfsmanna sem Hagstofa Íslands reiknar. Fyrir þá sem látið hafa af störfum síðan eru viðmiðunarlaun við starfslok reiknuð eftir iðgjaldagreiðslum og réttindaöflun síðasta eða næst síðasta árs sem þeir greiddu til sjóðsins og síðan færð til ársloka 2015 með fyrrnefndri vísitölu meðallauna.

Nú eru upplýsingar um lífeyrisþega teknar úr sama kerfi og réttindaupplýsingar sem auðveldar úrvinnslu gagna.

REIKNIFORSENDUR

Reikniforsendur fyrir tryggingafræðilegar athuganir íslenskra lífeyrissjóða eru tilgreindar í lögum 129/1997 og reglugerð 391/1998 sem fjármálaráðherra setur með heimild í fyrrgreindum lögum. Tryggingafræðingi er heimilt að víkja frá þessum staðalforsendum ef talið er að sérstakar aðstæður í viðkomandi sjóð verði þess valdandi að aðrar forsendur eigi betur við. Engu að síður skal reiknað eftir staðalforsendum og sú niðurstaða birt til samanburðar. Með reglugerð 391/1998 er Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga falið að útbúa töflur um lífs- og örorkulíkur til nota við gerð tryggingastærðfræðilegra athugana og jafnframt töflur um hjúskapar- og barneignalíkur.

Við tryggingafræðilega athugun réttindasafns Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyjabæjar 2015 eru notaðar dánar- og eftirlífendatöflur Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga, byggðar á íslenskri reynslu árána 2007-2011. Giftingarlíkur og meðalaldur maka eru samkvæmt upplýsingum úr þjóðskrá. Þá er um fjölda barna byggt á íslenskum barneignalíkum. Varðandi örorku er notaðar íslenskar örorkulíkur byggðar á reynslu íslenskra lífeyrissjóða árin 1998-2002, með 20% lækun örorkutíðni. Forsendur eru óbreyttar frá síðustu athugun.

Árlegur rekstrarkostnaður er áætlaður út frá kostnaði B-deildar það hálfu starfsár sem hún á að baki, þar sem ekki er talið að kostnaður fyrir sameiningu sé marktækur varðandi rekstur deildarinnar til frambúðar. Kostnaði við rekstur B-deildar er skipt milli réttindasafna í hlutfalli við áfallnar lífeyrisskuldbindingar. Kostnaður er svo uppfærður til verðlags í lok árs 2015 og ætlað fyrir sama kostnaði til framtíðar, (fimmtíu ár) núvirt með 3,5% vöxtum. Rekstrarkostnaði sem kemur í hlut réttindasafnsins er skipt milli áfallinna og framtíðarskuldbindinga í hlutfalli við mat skuldbindinga og iðgjalda. Eign er lækkuð miðað við áætlaðan fjárfestingarkostnað til framtíðar og er sú áætlun gerð með sama hætti og áætlun varðandi rekstrarkostnað, en byggt á því sem fært er sem skrifstofu og stjórnunarkostnaður undir fjárfestingarkostnaði.

Ofangreindar forsendur og aðferðir við mat skuldbindinga eru allar í samræmi við ákvæði reglugerðar 391/1998 um reikniforsendur við tryggingafræðilegar athuganir og þær reikniforsendur sem Félagi íslenskra tryggingastærðfræðinga hefur með sömu reglugerð verið falið að gefa út til nota sem staðalforsendur við tryggingafræðilegar athuganir að undanteknum forsendum um örorkulíkur. Heimilt er að víkja frá staðalforsendum ef talið er að aðrar forsendur gefi betri mynd. Örorkureynsla LSV hefur jafnan verið góð og er því hér notuð lækking frá staðalforsendum um örorkulíkur sem er fyrrgreind meðalreynsla íslenskra lífeyrissjóða. Áhrif á niðurstöðu af þeirri lækkingu eru þó óveruleg þar sem örorkuskuldbindingar eru lágt hlutfall heildarskuldbindinga sjóðsins vegna hás meðalaldurs sjóðfélaga og þar sem ekki er réttur til framreiknaðs örorkulífeyris.

Varðandi mat réttinda sem fylgja launum skal samkvæmt reglugerð 391/1998 almennt miðað við 2% vaxtaforsendu.

AÐFERÐIR VIÐ MAT SKULDBINDINGA OG EIGNA

Skuldbindingar sjóðsins eru metnar í tvennu lagi. Annars vegar eru metnar áfallnar skuldbindingar, þ.e. þær skuldbindingar sem sjóðurinn hefur þegar tekið á sig vegna áunninna réttinda sjóðfélaga, og hins vegar framtíðarskuldbindingar sjóðsins, sem eru þær skuldbindingar sem falla munu á sjóðinn við það að við bætast skuldbindingar vegna þeirra iðgjalda sem ætlað er að berast muni sjóðnum í framtíðinni vegna þeirra sjóðfélaga sem greiddu til iðgjöld til réttindasafnsins á árinu 2015, að frádregnu verðmæti iðgjaldanna.

Réttur makalífeyrisþega til 20% af viðmiðunarlaunum sjóðfélaga til viðbótar við helming af áunnum ellilífeyrisrétti sjóðfélagans er við mat skuldbindinga ekki talinn með áföllnum skuldbindingum nema hjá lífeyrisþegum þar sem að um slíkan rétt er að ræða. Slíkur réttur stofnast aðeins ef sjóðfélagi hefur hafið töku lífeyris í beinu framhaldi af greiðslu iðgjalda til sjóðsins eða fallið frá áður en iðgjaldagreiðslum lauk.

Við mat skuldbindinga er fyrir lífeyrisþega miðað við greiddan lífeyri 2015 og fyrir aðra sjóðfélaga reiknað hverjar verða muni lífeyrisgreiðslur til þeirra samkvæmt ákvæðum samþykktu sjóðsins miðað við þegar áunnin réttindi. Þegar framtíðarskuldbinding er reiknuð er miðað við allir sem töldust til virkra sjóðfélaga á árinu 2015 verði það áfram þar til starfi lýkur vegna elli- örorku eða andláts. Lífeyrisaldur er reiknaður sem 68 ár fyrir virka sjóðfélaga en 65 ár fyrir þá sem eiga geymd réttindi. Ekki er talið raunhæft að gera ráð fyrir að sjóðfélagar sem einungis eiga geymd réttindi hjá sjóðnum fresti töku lífeyris

til 68 ára aldurs enda hækkar lífeyrisréttur ekki við það. Skuldbinding vegna 95-ára reglu hefur ekki verið metin sérstaklega.

NIÐURSTÖÐUR

Staða sjóðsins er að þessu sinni sýnd að teknu tilliti til ákvæða 47. til 49. gr. samþykkt LSS um endurgreiðslu aðildarstofnana á lífeyrisgreiðslum. Miðað við fyrrgreindar aðferðir og forsendur eru niðurstöður sem hér segir ef notuð er 2% vaxtaforsenda (upphæðir í milljónum)

Tafla I			
Tryggingafræðileg staða réttindasafns Lífeyrissjóðs starfsmanna Vestmannaeyjakaupstaðar 2015 fjárhæðir í milljónum			
Eignir	Áunnið	Framtíð	Heildar
Eignir:	311,7		311,7
Endurmat	3,4		3,4
Fjárfestingargjöld	-58,6		-58,6
Endurgreiðsla		2.929,6	2.929,6
Iðgjöld		80,6	80,6
Samtals:	256,5	3.010,2	3.266,7
Skuldbindingar			
Ellilífeyrir:	3.309,3	150,3	3.459,6
Örorkulífeyrir:	131,1	3,3	134,4
Makalífeyrir:	702,6	75,1	777,7
Barnalífeyrir:	0,6	0,2	0,8
Kostnaður:	105,2	7,9	113,1
Samtals:	4.248,8	236,8	4.485,6
Mismunur:	-3.992,3	2.773,4	-1.218,9
Hlutf. af skuldb.	-94,0%	1171,2%	-27,2%